

Ísafjarðarbær
MÖTTAKIN
27 APR. 2010
Málsnr. 2010-01-0030
Frumrit - skilist til skjalusafns

Trjáverndun

Samþykkt um verndun trjáa í Ísafjarðarbæ

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til allra trjáa í Ísafjarðarbæ, sem eru 6 m á hæð eða hafa annað sögu- eða umhverfislegt gildi. Við gerð aðal- og deiliskipulags getur umhverfisnefnd lagt til að trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis njóti hverfisverndar án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Ákvæði samþykktar þessarar víkja fyrir strangari ákvæðum, sem sett eru í deiliskipulagi einstakra reita eða bæjarhverfa.

2. gr.

Óheimilt er að fella, minnka eða valda skaða á tré samkv. 1. gr. nema með leyfi umhverfisfulltrúa, eða eftir atvikum umhverfisnefndar.

Umsókn um leyfi til að fella tré skal beint til umhverfisfulltrúa Ísafjarðarbæjar. Umhverfisfulltrúi getur gert kröfum að umsækjandi leggi fram með umsókn sinni afstöðumynd, ljósmyndir og/eða greinargerð eftir því sem þörf er á.

EKKI GETA AÐRIR EN EIGENDUR TRJÁA FENGİÐ LEYFI TIL AÐ FELLA ÞAU. SÉ UM AÐ RÆÐA TRÉ Á LÓÐ FJÖLEIGNARHÚSS SKAL FYLGA UMSÓKN SKRIFLEGT SAMÞYKKI A.M.K. 2/3 HLUTA ÞINGLÝSTRA EIGENDA, BÆÐI MIÐAÐ VIÐ FJÖLDA OG HLUTDEILD Í LÓÐ, SBR. B-LIÐ 41. GR. LAGA UM FJÖLEIGNARHÚS.

3. gr.

Umhverfisfulltrúi skal rökstyðja afgreiðslu sína á umsóknum samkv. 2 gr. innan 5 daga frá því að umsókn berst.

Nú synjar umhverfisfulltrúi leyfisumsókn og skal athygli umsækjanda þá vakin á því, að hann getur skotið máli sínu til umhverfisnefndar. Umhverfisnefnd skal þá taka umsóknina ásamt greinargerð umhverfisfulltrúa til formlegrar afgreiðslu.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, staðfestist hér með samkv. 6. mgr. 37. gr. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Tekið fyrir í umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar 13. janúar 2010.